

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 4. desember 2018
Tilvísun: 201811051 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags Fossárvíkur, áningarstaður ferðamanna, Djúpavogshreppur

Djúpavogshreppur hefur, með tölvupósti dags. 14. nóvember 2018, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í sveitarstjórn 18. október 2018 og varðar gerð deiliskipulags Fossárvíkur.

Samkvæmt lýsingunni, dagsett í október 2018, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir um 22 ha svæði fyrir uppbyggingu ferðamannastaðar í Fossárvík. Gert er ráð fyrir um 80 m² þjónustuskála ásamt 30-40 bílastæðum við skála auk 12-16 bílastæðum við útsýnisstað yfir Nykurhlyfsfoss. Gert er ráð fyrir að endurbyggja göngubrú yfir Miðásgljúfur, stíka leið fyrir gangandi vegfarendur um svæðið ásamt því að koma fyrir bekkjum og upplýsingaskiltum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.

Gæta skal þess að hafa samráð við almenning og aðra hagsmunaaðila við mótun tillögunnar sbr. gr. 5.2.1 í skipulagsreglugerð.

Bent er á að skilmála um skilti skal setja fram í deiliskipulagsgerð sbr. gr. 5.3.2.4 í skipulagsreglugerð. Þá er jafnframt minnt á gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð um 50 m fjarlægðamörk bygginga frá vötnum, sjó og ám. Að lokum er bent á að fossar og nánasta umhverfi þeirra hljóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir